

Alþingi
Erindi nr. P 128/625
komudagur 10.12.2002



Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ

Fjöluisvegi 16, 101 Reykjavík. Sími- Fax 5523044

Vefur www.dyravernd.is - Netfang dyravernd@dyravernd.is

Reykjavík 10. desember 2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræði 8-10
Reykjavík.

Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ vill hér með koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar, enda þótt því hafi ekki borist frumvarpið til umsagnar. Ber þar nýrra við því SDÍ hefur um árabil verið viðurkenndur umsagnaraðili ásamt um það bil 20 aðilum öðrum, þegar einhverjar lagabreytingar hafa verið til umfjöllunar á Alþingi er varða dýr.

Lögin um Umhverfisstofnun voru samþykkt á þinginu sl. vor en frumvarpið var ekki sent út til hinna ýmsu umsagnaraðila. Stofnunni er ætlað að annast starfssemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embætti veiðistjóra, Hreindýraráðs, Ráðgjafarnefndar um villt dýr og Dýraverndarráðs. Varðandi afstöðu SDÍ til þess að leggja niður Ráðgjafarnefndina og Dýraverndarráð vísast hér til meðfylgjandi umsagna Dýraverndarráðs frá 15. apríl sl., umsagnar Ráðgjafarnefndarinnar frá 10. október 2002 og erindis Dýraverndarráðs til Umhverfissráðuneytisins dags. 27. nóvember 2002. Í öllum þessum umsögnum er harmað að leggja eigi niður þennan samráðs og umræðugrundvöll, sem þessar nefndir hafa verið. SDÍ telur að hér sé um að ræða stórt skref afturábak á sviði dýraverndar og vill sérstaklega benda á þessi ákvæði -**Kapitel 5 Det Dyreetiske Råd, Kapitel 6 Det særlige råd vedrørende dyreværnsspørgsmål og Kapitel 6 a Rådet vedrørende hold af særlige dyr**- í dönsku dýraverndarlögunum, sem eru meðfylgjandi. Þessi lagaákvæði eru fyrirmynd að samsvarandi ákvæðum í núgildandi dýraverndarlögum og komu þau fyrst inn í íslensk lög árið 1959.

Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ vill auk þess gera athugasemdir við eftirfarandi breytingar á 17. gr. núgildandi laga:

a. 2.-3. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjaf ar. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunaráræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna.

Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og áhuga- og hagsmunasamtaka á sviði dýra verndar.

SDÍ vill sérstaklega vara við því að nú verði tekin upp sú stefna að ganga fram hjá SDÍ, sem hefur verið í lögum um dýravernd í tæplega hálfa öld en setja í staðinn - og áhuga- og hagsmunasamtök á sviði dýra verndar-. Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ var stofnað árið 1959 með því að Dýraverndunarfélag Íslands, sem stofnað var 1914, skifti til helminga eignum sínum og sjóðum og stofnaði annarsvegar SDÍ og hinsvegar Dýraverndunarfélag Reykjavíkur. Tilgangur SDÍ er fyrst og fremst sá að sameina öll félög, sem vinna að verndun dýra eingöngu og að koma fram gagnvart opinberum aðilum varðandi dýravernd. Það er eini vettvangur dýraverndarfélaga í landinu og öll starfandi dýraverndarfélögin eru aðilar að því.


Hinsvegar eru einnig starfandi svokölluð hagsmunafélög um dýr, svo sem félög hestamanna, hundaræktenda og hunda- og kattaeygenda, sem gæta fyrst og framst hagsmuna eigenda og ræktenda dýranna en ekki dýranna sjálfra, enda er dýravernd ekki þeirra meginmarkmið og þessir hagsmunir fara alls ekki alltaf saman. Með þessari breytingu er alveg víst að óvissa mun skapast um það hvaða félög eru dýraverndarfélög og hvaða félög eru hagsmunafélög ýmissa annarra en dýranna og getur orðið dýravendarstarfi á Íslandi til mikilla trafala og jafnvel endanlega gert út af við það.

SDÍ er aðili að “Nordisk dyreværnsråd” og hefur verið það frá stofnun. Núverandi varaformaður þess er íslenskur og var kosinn á aðalfundi þess í ágúst sl. og verður samkvæmt reglum ráðsins sjálfkrafa formaður eftir þrjú ár en þá flyst stjórnstöð ráðsins til Íslands næstu þrjú árin. Varaformaðurinn er fulltrúi SDÍ og er þetta í fyrsta sinn sem Íslendingar hafa treyst sér til að taka að sér stjórn ráðsins. SDÍ hefur mikið lært af þessu samstarfi við ráðið og alltaf reynt að senda fulltrúa á aðalfundi þess og síðustu árin notið til þess styrks frá Norrænu ráðherranefndinni. SDÍ hefur sérstaklega tekið Dyrenes beskyttelse í Danmark sér til fyrirmyndar og átt gott samstarf við þá. Þeir eru svokallað sjálfstætt dýraverndarfélag og hafa t.d. aldrei þegið opinberan fjárstuðning. SDÍ hefur ekki hlotið opinberan stuðning sl. 20 ár.

SDÍ vill ítreka þá skoðun sína að verði algjörlega gengið framhjá einu starfandi dýraverndarsamtökunum, sem nokkru sinni hafa starfað á Íslandi er það mikið áfall fyrir dýraverndarstarfið, sem oft hefur átt undir högg að sækja og mun valda deilum og togstreitu með framangreindum **áhuga- og hagsmunasamtökum á sviði dýraverndar**. Þess er því eindregið óskað að háttvirt umhverfisnefnd Alþingis sjái sér fært að gera breytingar á frumvarpinu og haldi Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands óbreyttu inni í dýraverndarlögunum, eins og verið hefur í tæplega 50 ár, enda eru það ekki ómerkari samtök en Bændasamtök Íslands (Búnaðarfélag Íslands), sem enn fá að vera óbreytt í dýraverndarlögunum, sem fyrr.

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ,


Sigríður Asgeirsdóttir formaður SDÍ.